

Fimmtudaginn 9. september 1993.

Nr. 351/1993. **Helga Gunnólfsdóttir,**
Helga Árnadóttir,
Gunnlaug Árnadóttir og
Helga Bylgja Gísladóttir
 gegn
Sigurði Friðrikssyni.

Kærumál. Flýtimeðferð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. ágúst 1993 og krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og málið sæti flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafa laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Heimild til kæru úrskurðar héraðsdómara varðandi flýtimeðferð á máli samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 er takmörkuð við synjun um útgáfu stefnu, sbr. n-lið 1. mgr. 143. gr. laganna. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var slíku ekki til að dreifa í þessu máli, heldur óskuðu sóknaraðilar (stefndu í héraði) flýtimeðferðar á málinu, eftir að orðið var við kröfu þeirra um endurupptöku þess. Að svo vöxnu máli brast lagaskilyrði til kæru úrskurðarins. Samkvæmt því ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari gætti ekki ákvæðis 1. mgr. 148. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. ágúst 1993.

Tómas Gunnarsson hrl. hefur með bréfi til dómsins óskað eftir flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 á máli nr. 315/1992: Sigurður Friðriksson gegn handhafa veðskuldabréfs. Beiðnin er sett fram vegna Helgu Gunnólfsdóttur, Vesturgötu 34, Keflavík, Helgu Árnadóttur,

Miðgarði 1, Keflavík, Gunnlaugar Árnadóttur, Suðurgarði 12, Keflavík, og Helgu Bylgju Gísladóttur, Brekkustíg 1, Sandgerði. Að kröfu framan- greindra var í Héraðsdómi Reykjaness 2. júní sl. kveðinn upp úrskurður um, að málið skyldi endurupptekið, og hefur Hæstiréttur Íslands staðfest þá niðurstöðu í dómi, upp kveðnum 29. júní 1993, í máli nr. 256/1993.

— — —

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 má viðhafa flýtimeðferð í máli vegna ákvörðunar eða athafna stjórnvalds eða vegna verkfalls, verk- banns eða annarra aðgerða, sem tengjast vinnudeilu, og þeim skilyrðum er fullnægt, að brýn þörf sé á skjótri úrlausn og að úrlausnin hafi almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni málsaðila. Samkvæmt 1. og 2. mgr. nefndrar lagagreinar er heimild til að æskja flýtimeðferðar samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 einskorðuð við þann, er hyggst höfða mál, enda afhendi hann forstöðumanni dómstóls stefnu ásamt skriflegri beiðni um út- gáfu hennar og þeim málsgögnum, sem geta stutt beiðnina.

Beiðni sú, sem hér er til meðferðar, virðist beinast að því, að flýtt verði endurupptöku máls, sem höfðað var af Sigurði Friðrikssyni til ógildingar á skuldabréfi. Ákvæði XIX. kafla laga nr. 91/1991 um flýtimeðferð hafa að geyma nýmæli um afbrigði frá almennum reglum um málsmeðferð, og er ekki fallist á, að löggjöfnun verði beitt, svo sem haldið er fram.

Samkvæmt framangreindu er ekki fallist á, að fullnægt sé skilyrðum til flýtimeðferðar.

Sigurður Hallur Stefánsson fulltrúi kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ósk um flýtimeðferð er hafnað.
